

Dags. 19. apríl 2010

Stjórnvaldssekt vegna brots á 1. mgr. 128. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Þann 12. febrúar 2010 tók stjórn Fjármálaeftirlitsins ákvörðun um að sekta Reykjanesbæ vegna brots á 1. mgr. 128. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (vvl.)

Málsatvik eru þau að við athugun Fjármálaeftirlitsins í maí 2009 á skilum á innherjalistum kom í ljós að Reykjanesbær, sem útgefandi skráðra skuldabréfa, hafði ekki með fullnægjandi hætti skilað listum yfir fruminnherja og aðila þeim fjárhagslega tengdum til Fjármálaeftirlitsins, þrátt fyrir að hafa fengið aðgang að rafrænu skýrsluskilakerfi Fjármálaeftirlitsins, þann 17. desember 2008. Fjármálaeftirlitið bauð Reykjanesbæ að gangast undir sátt að fjárhæð kr. 400.000 þann 4. júní 2009, en sáttinni var hafnað.

Það var mat Fjármálaeftirlitsins að Reykjanesbær hafi brotið gegn 1. mgr. 128. gr. vvl. með því að hafa ekki með fullnægjandi hætti skilað listum yfir fruminnherja og aðila þeim fjárhagslega tengdum til Fjármálaeftirlitsins. Fjármálaeftirlitið mat það svo að brot Reykjanesbæjar félli undir 42. tölul. 1. mgr. 141. gr. vvl. og bæri að ljúka með stjórnvaldssekt. Við ákvörðun fjárhæðar stjórnvaldssektar var litið til þess hve lengi brotið hafði varað og sambærilegra mála. Með hliðsjón af framangreindu þótti hæfilegt að gera Reykjanesbæ stjórnvaldssekt að fjárhæð kr. 800.000.